

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968, hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bifreiðastöður eru bannaðar á Hrafnagilsstræti milli Eyrarlandsvegar og Möðruvallastrætis.
2. Stöðvunarskylda er á Gránufélagsgötu við Glerárgötu, einnig á Lögbergsgötu við Oddeyrargötu.
3. Tvístefnuakstur er nú leyfður á Eyrarvegi, austan Norðurgötu og á Lögbergsgötu.

Lögreglustjórinn á Akureyri, 16. desember 1970.

Ófeigur Eiríksson.